



**2, 8.**

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

**Júlí 1907.**

### S Ö N G U R.

Hvað er ánægjulegra en fagur söngur? Og hvað hrífur mannssálina betur og göfugar af öllu því, sem mannlegt er, en hann? Hann er í einu eitthvert göfugasta og sterkasta lyftiaflað, sem við eignum. Hið lága og ljóta verður svo ljótt og við-bjóðslegt, þegar mannssálín er undir áhrifum hans. En hið góða og göfuga hinsvegar svo dýrðlegt og girnilegt.

Ætti þá ekki hver sá, sem ant er um göfgun þjóðar sinnar, að láta sér hugarhaldið um það, að hún leggi rækt við sönginn og læri að syngja? Það virðist vera svo.

En ef okkar þjóð á að nema vel söng, og ef henni á að verða ant um sönglegra framför, og ef söngurinn á að verða henni lyftistöng siðmenningar, þá þurfa ungmennin að læra að syngja og hafa ánægju af því. Það byrjar enginn fullorðinn að syngja, sem ekki hefur numið það barn eða unglingsur. Þess vegna er deginum ljósara, hvar byrja skal,—ekki á hinum eldri, er bráðum þagna, heldur á hinum yngri, er framtíðina eiga og bráðum hafa orðið.

Syngjandi ungmenni er sigrandi þjóð. Það leggur enginn her þegjandi út í orrustu, heldur knúinn áfram af töfrasprota